

# Fréttabréf

stéttarhefninganna í Þingeyjarsýslum



# Forsíðumyndin



Forsíðumyndin er af starfsmönnum Kísiliðjunnar hf. þeim Sigurjóni Má Péturssyni sem jafnframt er formaður Þingíðnar, félags iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum og Ellert A. Hauksyni við venjubundið eftirlit í verksmiðjunni.

**Þingeyingar drögum fána að húni á hátíðar- og baráttudegi verkafólks 1. maí**

## Kjaramál:

# Samningar samþykktir

Verkalýðsfélag Húsavíkur stóð fyrir póstatkvæðagreiðslu um kjarasamning Starfsgréinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaður var 7. mars 2004. Tæplega 50% félagsmanna starfar eftir þessum samningi. Á kjörskrá voru 469, alls greiddu 181 atkvæði eða 38,5% félagsmanna. Já sögðu 103 eða 57%  
Nei sögðu 71 eða 39%  
Auðir og ógildir seðlar voru 7 eða 4%

*Félagarnir, Ölvér Þráinsson og Davíð Jónsson tóku þátt í atkvæðagreiðslu um kjarasamning Starfsgréinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem Verkalýðsfélag Húsavíkur er aðili að. Tæplega 40% félagsmanna tóku þátt í atkvæðagreiðslunni.*



*Þessa skemmtilega mynd af Arnóri Kristjánssyni og Baldvini Bjarnasyni sendi Björn Sigurðsson okkur. Þess má geta að Arnór var lengi vel formaður Verkamannafélags Húsavíkur, það er frá árinu 1941 til ársins 1948 og var sannur foringur.*

## Félagsmál:

# Frábær skemmtun framundan 1. maí

Stéttarfélagin hafa gengið frá dagskrá hátíðarhaldanna 1. maí. Hátíðarhöldin hefjast kl. 14:00 í Félagshölinu. Að venju verður boðið upp á metnaðarfulla dagskrá. Ein okkar þekktasta söngkona, Sigrún Hjálmtýsdóttir, kemur fram en hún er á leiðinni til Ítalíu daginn eftir í tónleikaferð. Einar G. Einarsson flytur gamanmál og verður án efa frábær, Samkórinn kemur fram undir stjórn Hólfríðar Ben, Marimbahópurinn úr Hafralækjar-

skóla sem vakið hefur mikla athygli fyrir skemmtilega tónlist leikur nokkur lög. Lúðrasveit Þingeyinga kemur fram að venju. Rétt er að geta þess að hún byrjar að hita upp kl. 13:40. Hátíðarræðu dagsins flytur Ingibjörg R. Guðmundsdóttir formaður LÍV og varaforseti ASÍ. Þá verður Þingeyingum og landsmönnum öllum boðið á dansleik um kvöldið í boði stéttarfélaganna og Fosshótel Húsavíkur.

## Félagsmál:

# Stéttarfélagin óska eftir fundi með þingmönnum



Það er þungt hljóð í starfsmönnum Kísiliðjunnar um þessar mundir enda liggur fyrir að verksmiðjunni verður lokað síðar á þessu ári. Þá hefur ekki tekist að loka fjármögnun vegna nýrrar Kísilduftverksmiðu sem til stendur að reisa í Mývatnssveit. Ljóst er að lokun verksmiðjunnar hefur veruleg áhrif á sveðið og sjá má í skýrslu sem Byggðastofnun vann árið 1997 um þýðingu Kísiliðjunnar fyrir efnabag og atvinnulíf í Mývatnssveit. Hægt er að nálgast skýrsluna á beimasíðu Byggðastofnunar. Myndin er tekin af starfsmannafundi Kísiliðjunnar þegar tilkynnt var um lokun verksmiðjunnar.

Stéttarfélag starfsmanna í Kísiliðjunni hf, Verkalýðsfélag Húsavíkur, Verslunarmannafélag Húsavíkur, Þingíðn og Rafiðnaðarsamband Íslands, hafa óskað eftir fundi með þingmönnum Norðausturkjördæmis um málefni Kísiliðjunnar við Mývatn. Félagin hafa verulegar áhyggjur af stöðu mála eftir að forsvarsmenn verksmiðjunnar boðuðu á fundi með starfsmönnum að verksmiðjunni yrði lokað síðar á þessu ári. Það er von

stéttarfélaganna að fundurinn geti farið fram sem fyrst. Þá hafa stéttarfélagin sent Byggðastofnun og lífeyrissjóðum starfsmanna bréf með ósk um aðkomu þeirra að málinu, það er að tryggja uppbyggingu Kísilduftverksmiðu í Mývatnssveit. Stéttarfélagin leggja höfuðáherslu á að takist að fjármagna nýja Kísilduftverksmiðu sem hefji starfsemi eigi síðar en í ársbyrjun 2006.

**Félagsmál:**

# 1. maí haldinn hátíðlegur á Þórshöfn

Verkalýðsfélag Þórshafnar heldur aðalfund félagsins, laugardaginn 1. maí í Íþróttamiðstöðinni VER og eru félagsmenn hvattir til að mæta. Fundurinn hefst kl. 13.00. Á dagskrá fundarins verða venjuleg aðalfundastörf ásamt því að núverandi formaður lætur af störfum og Kristín Kristjánsdóttir tekur við sem formaður Verkalýðsfélags Þórshafnar. Fundargestir fá afhenta að gjöf stuttermaboli merktu Verkalýðsfélaga Þórshafnar. Að fundarsetu lokinni eða upp

úr kl. 14.00 verður íþróttandinn allsráðandi og flautað verður til keppni í badminton. Allir geta skráð sig til leiks og verður keppt í flokki barna 5. bekk og yngri, 6. – 10. bekk og flokki fullorðinna – sigurvegarar fá verðlaunapeninga. Að sjálfsögðu verður frítt í íþróttasal, þreksal og sund allan laugardaginn og vonum við að sem flestir nýti sér það.

Á milli kl. 16.00 og 18.00 verður boðið upp á kaffi og kræsingar í veitingasal Versins og börnin fá íspinna.

**Félagsmál:**

## Verkalýðsfélag Þórshafnar styrkir félagsmenn sína og Verið

Við minnum á að í Verinu 1. maí geta félagsmenn VP keypt niðurgreiddu kortin í íþróttahúsið en annars eru þau alltaf fánleg á skrifstofu VP. Við hvetjum félagsmenn okkar til að láta þessi góðu kaup ekki fram hjá sér fara því kortin eru niðurgreidd um helming og kosta sem hér segir:

Árskort í sali og sund kr. 14.250 (Almennt verð kr. 28.500)

Árskort í sund kr. 11.500 (Almennt verð kr. 23.000)

30 tíma kort í Sali og sund kr. 3.000 (Almennt verð kr. 6.000)

30 tíma kort í sund kr. 2.100 (Almennt verð kr. 4.200)

Miði í Hvalfjarðargöngin kr. 700 (kostar annars kr. 1000)

..... **Það borgar sig að vera félagsmaður .....**



Ejldi smábáta stundar um þessar mundir grásleppuveiðar frá Húsavík og þefur veiðin verið þokkaleg. Þó þefur tíðarfarir verið mjög óþagstætt trillukörnum. Kjartan Traustason er einn af þeim sem sér um að salta brognin fyrir sjómenn og er hann hér við störf fyrr neðan bakkann.



Bæði stórir og smáir bafa mætt á fundi sem stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum hafa baldið undanfarið um kjaramál. Hér má sjá unga snót á Þórshöfn, Önnu Mariu Ólafsdóttur sem mætt var á félagsfund um kjaramál á Þórshöfn með móður sinni. Hún sat ekki aðum böndum á fundinum því bún notaði tækifærið og teiknaði glæsilega mynd af frummælenda kvíldsins sem mættur var til að útskýra nýgerðan kjaramanning.

**Atvinnulíf:**

# Kúfiskveiðarnar ganga vel!

Að sögn forsvarsmanna Íslensks Kúfisks hf. hefur kúfiskvinnslan á Þórshöfn gengið vel undanfarið eftir nokkurt hlé vegna loðnufrýstingar. Vel hefur gengið á miðunum hjá kúfiskveiðiskipinu Fossá Þh og hefur verið mogleiki.



Kúfiskveiðiskipið Fossá ÞH-362.

**Öryggismál:**

## Nýr björgunarbátur til Þórshafnar!



Björgunarsveitin Hafliði fær nýjan björgunarbát nú í maí og kostar hann um 4 milljónir króna. Báturinn er sagður öflugur og góður

og á vafalaust eftir að koma að góðum notum. Bátadeild Hafliða hefur fengið aðstöðu í gamla Olís húsínu við hliðina á Hafliðabúð.

**Þórshöfn:**

## Ungt fólk sækir til Þórshafnar



Einar Skúli og Unnur Ósk ásamt dóttur sinni Heru í nýja húsinu sem þau vinna nú að því að gera upp.

Sú jákvæða þróun hefur átt sér stað að undanfarin misseri hefur ungt fólk í auknum mæli verið að kaupa fasteignir á Þórshöfn. Það eru líka þó nokkur dæmi um að fólk sé að gera upp eldri hús og setur það óneitanlega svip sinn á bæinn. Á síðasta ári voru um 15 húsasölur á Þórshöfn sem telst í meira lagi

miðað við fyrri ár. Þessa þróun má eflaust þakka m.a. byggingu Íþróttamiðstöðvarinnar á Þórshöfn, stækkun leikskólans og nægri atvinnu svo eitthvað sé nefnt. Þessir þættir og fleiri gera það að verkum að Þórshöfn er orðið mjög fjölskylduvænt sjávarþorp þar sem eftirspurn eftir húsnæði er mikil.

## Félagsmál:

# Stéttarfélagin styrkja Völsung

Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík hefur gert samning við Meistaraflokksráð Knattspyrnu-deildar Völsungs um að styrkja deildina í sumar. Stéttarfélagin vilja með því styðja við bakið á því frá-

bæra starfi sem forsvarsmenn deildarinnar og leikmenn hafa unnið að og tryggt hafa Völsungi nokkra íslandsmeistararitla á síðustu árum. Áfram Völsungur!!!!

## Félagsmál:

# Gengið frá samningi



Starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga hefur staðið þétt saman í þeirri kjarabaráttu sem staðið hefur yfir undanfarið við ríkið. Atkvæðagreiðslu um nýgerðan kjarasamning á að vera lokið 15. maí.

Starfsgreinasambandið gekk nýlega frá nýjum kjarasamningi við ríkið vegna starfsmanna aðildarféлага sambandsins sem starfa hjá ríkinu. Um er að ræða einn samræmdan kjarasamning í stað nokkurra samninga sem stéttarfélagin höfðu áður við ríkið. Í því sambandi má geta þess að Verkalýðsfélag Húsavíkur hafði einn samning við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og var síðan aðili að öðrum samningi sem var fyrir aðra starfsmenn ríkisins sem starfa á félagsvæðinu. Nýi samningurinn er með sambærilegar hækkunar og um samdist í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands (SGS) og Samtaka atvinnulífsins (SA). Í lok samningstímans kemur til viðbótar 0,5% hækkun þar sem samningurinn gildir heldur lengur en samningur SGS og SA. Gildistíminn er til 31. mars 2008. Hægt er að fá samninginn á Skrifstofu stéttarfélaganna og verður því ekki farið ítarlega yfir samninginn í Fréttabréfinu. Þó er rétt að geta þess að verulegur ávinningur náðist í að jafna rétt allra ríkisstarfsmanna er varðar greiðslur í lífeyrissjóði því í lok samningstímans verður mótframlag ríkisins orðið 11,5% í stað 6% eins og nú er. Þessi krafa hefur lengi verið mikið baráttumál stéttarfélaganna innan Starfs-

greinasambands Íslands. Annað atriði sem náðist fram í þessum samningum eru svokallaðir stofnanasamningar. Samkvæmt þeim verður stofnun og stéttarfélagi starfsmanna heimilt að meta störf starfsmanna til hækkunar t.d. vegna ábyrgðar í starfi, námskeiða eða starfsaldurs. Reiknað er með að þessari vinnu verði að mestu lokið fyrir 15. maí. Þá lýkur atkvæðagreiðslu um samninginn 15. maí. Vinna er þegar hafin við að ganga frá stofnanasamningi við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og í þessari viku verður fundað um stofnanasamning fyrir starfsmenn Skógræktarinnar á Vöglum. Þá eru málefni vegagerðarmanna og ræstingarfólks hjá ríkinu einnig til skoðunar. Kjarasamningur Starfsgreinasambandsins og ríkisins nær m.a. til félagsmanna í Verkalýðsfélagi Húsavíkur, Verkalýðsfélagi Óxarfjarðar, Verkalýðsfélagi Raufarhafnar og Verkalýðsfélagi Þórshafnar. Verkalýðsfélag Húsavíkur vil nota tækifærið og þakka Kristbjörgu Sigurðardóttir varaformanni félagsins fyrir alla þá vinnu sem hún hefur lagt á sig í þeirri kjarasamningsgerð sem staðið yfir undanfarið milli Starfsgreinasambands Íslands og Samninga-nefndar ríkisins. Framlag hennar er ómetanlegt.

## AUGLÝSING



## Fundarboð

Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur verður haldinn sunnudaginn 23. maí kl. 16:00 í fundarsal félagsins.

## Dagskrá:

## 1. Venjuleg aðalfundarstörf

- Félagaskrá
- Skýrsla stjórnar
- Ársreikningar
- Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga
- Lýst kjöri stjórnar, varamanna í stjórn, trúnaðarmannaráðs og skoðunarmanna reikninga.
- Kjör í stjórnir sjóða, nefndir og ráð
- Kosning löggilts endurskoðanda
- Lagabreytingar
- Ákvörðun árgjalda
- Laun stjórnar

## 2. Tillaga um sameiningu Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Raufarhafnar tekin til afgreiðslu

## 3. Aðild félagsins að lífeyrissjóðum

## 4. Atvinnumál


## 5. Önnur mál

Í lok fundar verður boðið upp á kaffiveitingar. Að venju er mjög mikilvægt að félagsmenn mæti á fundinn og taki þátt í afgreiðslum fundarins. Ársreikningar félagsins liggja frammi á Skrifstofu félagsins.

Verkalýðsfélag Húsavíkur

## † Minning

Um leið og Verkalýðsfélag Húsavíkur vottar fjölskyldu Kristjáns Benediktssonar samúðar vegna fráfalls hans þann 17. apríl s.l. vill félagið nota tækifærið og þakka Kristjáni fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Kristján var mikill félagsmálamaður og starfaði í stjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur um áratuga skeið eða allt til ársins 1988. Kristján var lengst af ritari félagsins. Þegar ég var að hefja mín fyrstu afskipti af verkalýðsmálum var Kristján fyrir í stjórn félagsins. Það vakti strax athygli mína hvað Kristján var rólegur og yfirvegaður maður auk þess sem hann var alltaf tilbúinn að miðla málum, en eins og gefur að skilja, þurfa stéttarfélög oft að takast á við erfið málefni. Með Kristjáni er fallinn góður maður sem



Kristján Benediktsson.

lét sig málefni verkafólks varða og var traustur og góður félagi.

Fb. Verkalýðsfélags Húsavíkur  
Aðalsteinn A. Baldursson

Heimasíða stéttarfélaganna  
www.vh.is



Það sem af þessu ári þafa starfsmenn og forystumenn stéttarfélaganna baldi fjölmarga fundi, bæði almenna og eins vinnustaðafundi um kjaramál. Þessar myndir eru teknar úr heimsóknnum þeirra á félagsvæði Verkalýðsfélags Óxarfjarðar og eru teknar í Fjallalambi og Silfurstjórnummi.

### Kjaramál:

## Orlofsuppbót -skila „sólkrónurnar“ sér?

Á hverju vori og sumri er mikið hringt og spurst fyrir um orlofsuppbót. Af símtölum til Skrifstofu stéttarfélaganna að dæma, er nokkuð um að orlofsuppbót sé greidd seint eða jafnvel að launa-greiðendur „gleymi“ henni.

Orlofsuppbót á að greiðast þegar starfsmenn fara í orlof, en þó eigi síðar en 15. ágúst. Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa mótað sér þá reglu að greiða hana út í byrjun sumars, t.d. með launaútborgun 1. júní ár hvert.

Full orlofsuppbót er kr. 21.100 á almennu verkafólki og kr. 15.900, hjá afgangi- og skrifstofufólki. Uppbótin greiðist síðan í hlutfalli við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu frá 1. maí 2003 – 30. apríl 2004.

Mikilvægt er að félagsmenn og launagreiðendur átti sig á réttindum sumarstarfsmanna. Þeir eiga rétt á orlofsuppbót í vor ef þeir störfuðu í 12 vikur eða lengur s.l. sumar. Í tilvikum sumarstarfsmanna er þó lagt til að orlofs- og desemberuppbót sé gerð upp við þá við

starfslok á haustin.

Starfsmenn sem fara í fæðingarorlof, hætta vegna veikinda eða aldurs fá einnig greidda hlutfallslega orlofsuppbót í samræmi við starfstíma þeirra. Hjá þessum aðilum er þó enginn áskilinn lágmarksstarfstími og þegar starfsmaður hefur unnið hjá fyrirtæki í eitt ár fær hann einnig orlofsuppbót fyrir þá sex mánuði sem hann er í fæðingarorlofi.

### AUGLÝSING

**KYNAST,**  
Prírhjól í fullri stærð.  
Með 3 girum og fótbremsu á afturhjól. Stór bögglaberi milli afturhjóla.  
Heppilegt fyrir fatlaða eða fólk með skert jafnvægisskyn.  
Sem nýtt og lítið notað.  
Fæst fyrir lágt verð.  
Upplýsingar gefur Jökull í síma 868-3811.



Allt bentir til þess að Verkalýðsfélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Rauфарbafnar sameinist í vor. Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur var á ferð um Rauфарböfn fyrir nokkrum dögum og tók þá þessar myndir í fiskvinnslu GPG sem rekur öfluga fiskvinnslu á Rauфарböfn. Það var létt yfir starfsmönnum og mikið að gera. Myndirnar tala sínu máli.

### Félagsmál:

## Til umræðu á aðalfundi VH

Eins og fram kemur í dagskrá aðalfundar Verkalýðsfélags Húsavíkur verða nokkur mál til umræðu til viðbótar venjulegum aðalfundarstörfum. Til dæmis liggur fyrir fundinum tillaga um að auka enn frekar rétt félagsmanna á greiðslum úr sjúkrasjóði félagsins þrátt fyrir að félagið sé að greiða mjög háar bótagreiðslur m.v. sambærileg félög. Þá er tillaga um að félagsgjaldið verði óbreytt áfram eða 1% af launum starfsmanna sem er það

lægsta sem gerist hjá sambærilegum félögum á Norðurlandi. Sameining Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Rauфарbafnar verður til umræðu en vilji er til að sameina félögin í vor. Málefni Kísiliðjunnar verða til umræðu undir liðnum Atvinnumál en þar blasir við alvarleg staða eftir að tilkynnt var að verksmiðjunni verði lokað síðar á þessu ári. Þá hefur verið ákveðið að taka upp til umræðu aðild félagsins að lífeyrissjóðum.



Kjörstjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur hefur haft í nógu að snúast undanfarið þar sem atkveðagreiðslur þafa verið gangi um þá kjarasamninga sem biðu er að samþykka það sem af þessu ári. Hér má sjá Hauk Tryggvason, Svölu Björgvins, Laufeyju Jónsdóttur, Svein Pálsson og Þórð Adamsson telja úr atkveðagreiðslu um Kjarasamning Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins í lok mars.

## Kjaramál:

# Nýr kjarasamningur verslunarmanna

**-markmiðin eru bækkun dagvinnulauna, aukinn sveigjanleiki, stytting vinnutíma og aukinn lífeyrisréttindi**

Pann 21. apríl s.l. var undirritaður kjarasamningur milli Landsambands íslenskra verslunarmanna (Verslunarmannafélags Húsavíkur, Verkalýðsfélags Óxarfjarðar, Verkalýðsfélags Raufarhafnar og Verkalýðsfélags Þórs hafnar) og Samtaka atvinnulífsins.

Í þessum kjarasamningi er sérstaklega tekið tillit til þeirra breytinga sem orðið hafa á vinnutíma á undanfönum árum, einkum vinnutíma starfsmanna í verslunum.

Markmiðið með breytingum á launalið samningsins og breyttri skilgreiningu á yfirvinnu er að fækka vinnustundum og aðlaga vinnufyrirkomulag þörfum félagsmanna í fyrirtækjum þar sem vinnutíminn er kominn út fyrir hinn hefðbundna dagvinnutíma. Samningi verslunarmanna svipar nú meira til sambærilegra samninga á Norðurlöndum, þ.e. til svokallaðs „skandinavíska“ móðels þar sem höfuðáhersla er á að hækka grunnlaunin og draga sem verða má úr yfirvinnu.

Almenn laun hækka um 11,5% á samningstímanum. Samningurinn kveður á um 108-140 þúsund króna lágmarkslaun, eftir starfsaldri og ábyrgð, á lokaári samningsins árið 2007. Þá hækkar iðgjald vinnuveitenda í lífeyrissjóði í 8% frá byrjun árs 2007 og gert er ráð fyrir hækku á slystryggingabótum. Kjarasamningurinn er einfaldaður mikið frá því sem áður var og falla t.a.m. sérkjarasamningar við starfsfólk í söluturnum og söluskálum. Hér að neðan eru helstu atriði kjarasamningsins, sem hægt er að nálgast í heild sinni inn á heimasíðu Verslunarmannafélags Húsavíkur [www.vh.is](http://www.vh.is) eða fá á skrifstofu félagsins.

## Launahækkunar

Launahækkunar á samningstímanum eru sem hér segir:

|                |       |
|----------------|-------|
| 16. apríl 2004 | 3,25% |
| 1. janúar 2005 | 3%    |
| 1. janúar 2006 | 2,5%  |
| 1. janúar 2007 | 2,25% |

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu hækkunum.

## Sérstök hækkun lægstu launa

Lægstu launin samkvæmt töxtum eru hækkuð sérstaklega eða um 17,5% til rúmlega 31% á samningstímanum. Samhliða þessu eru gerðar breytingar á greiðslu eftir- og yfirvinnu (sjá neðar). Starfsaldurshækkunar koma

einnig fyrir inn í samninginn en áður. Nýr hærrí kauptaxti kemur inn fyrir afgreiðslufólk sem ber ábyrgð í starfi. Lágmarkslaun verða í lok samningstímans frá 108 þúsund krónum á mánuði til 140 þúsund krónur, eftir starfsaldri og ábyrgð í starfi.

## Greidd eftirvinna og yfirvinna

Í samningnum er gerð breyting á fyrirkomulagi yfirvinnugreiðslna. Eftirvinna starfsfólks í hlutastarfi sem unnin er innan þess tíma sem skilgreindur er sem fullur vinnutími á mánuði, þ.e. 171 klst. á mánuði hjá afgreiðslufólki og 162 klst. hjá skrifstofufólki, er greidd með 40% álagi á dagvinnulaun (0,8325% af mánaðarlaunum viðkomandi starfsmanns). Vinna sem unnin er eftir að hámarki dagvinnu er náð er hins vegar greidd með fullu yfirvinnu-álagi, eða 1,0385% af mánaðarlaunum viðkomandi starfsmanns. Miðað er við að dagvinna sé unnin á hinum hefðbundna dagvinnutíma.

Við þessa breytingu skal þess sérstaklega gætt að allir starfsmenn í hlutastarfi fái að lágmarki 3,25% hækkun launa fyrir dag- og yfirvinnu.

Markmiðið með þessari breytingu er að hækka grunnlaunin og veita fólk þannig betra færi á því að fækka vinnustundum. Þessi breyting hefur engin áhrif á þá starfsmenn sem eru í fullu starfi eða vinna almennt ekki yfirvinnu.

## Markaðslaun með launa-viðtölum styrkt í sessi

Laun verslunarmanna ráðast af vinnuframlagi, hæfni, menntun, og innihaldi starfsins. Starfsmenn eiga rétt á launaviðtali einu sinni á ári og nú kemur inn nýtt ákvæði sem kveður á um að starfsmaður skuli fá svar innan eins mánaðar.

## Orlofs- og desemberuppbætur

Orlofsuppbót verður kr. 15.900 á þessu ári, kr. 16.500 árið 2005, kr. 16.900 árið 2006 og kr. 17.400 árið 2007.

Desemberuppbót verður kr. 43.700 krónur á þessu ári, kr. 45.000 árið 2005, kr. 46.200 árið 2006 og kr. 47.400 árið 2007.

## Orlof fyrir desember- og orlofsuppbætur

Starfsmaður og launagreiðandi geta samið um að umbreyta desember- og orlofsuppbótum í orlof.

## Orlofsauki fyrir fimm ára starf eða tíu ár í starfsgrein

Starfsmaður sem hefur unnið í tíu ár í starfsgrein fær auka orlofsdag, 25 daga, án tillits til þess hve lengi hann hefur unnið hjá sama vinnuveitanda.

Starfsmaður sem hefur unnið í fimm ár hjá sama vinnuveitanda eða tíu ár í starfsgrein og skiptir um vinnuveitanda fær áunninn orlofsrétt að nýju eftir 3ja ára starf hjá nýja vinnuveitandanum. Þessi sami starfamaður er þá fimm ár að ná áunnum rétti sem hann hefði fengið eftir tíu ára starf hjá sama vinnuveitanda. Þessi réttur kemur til framkvæmda 1. maí 2004 m.v. orlofstöku eftir 1. maí 2005.

## Tilfærsla á uppstigningardegi og sumardeginum fyrsta

Hægt er að semja um á vinnustöðum að samningsbundið frí á uppstigningardegi og sumardeginum fyrsta, en báða daga ber alltaf upp á fimmtudag, verði tekið á öðrum virkum degi, t.d. föstudegi eða mánudegi eða sé tengt öðru frí starfsmanna. Ákvörðun um slíkt innan fyrirtækis nær til allra hlutaðeigandi starfsmanna og ræðst af vali meirihluta þeirra.

## Helgarfrí í verslunum

Í bókun með samningnum lýsa vinnuveitendur því yfir að þeir muni beina því til atvinnurekenda að skipuleggja vinnutíma afgreiðslufólks sem vinnur alla virka daga þannig að það eigi frí a.m.k. 6 helgar af hverjum 18, þ.e. frí frá föstudagskvöldi fram á mánudagsmorgun.

## Hækkað framlag í lífeyrissjóði

Framlag vinnuveitenda í lífeyrissjóði hækkar í 7% frá og með upphafi árs 2005, samkvæmt samningnum. Frá sama tíma fellur niður skylda vinnuveitenda til að greiða 1% framlag í séreignarsjóð, óháð framlagi starfsmanns.

Frá 1. janúar 2007 hækkar iðgjaldið í 8% samhliða 0,45% lækkun almenns tryggingagjalds.

## Bættur réttur vegna veikinda barna

Foelldrur, sem eru frá vinnu til að hlyna að veikum börnum, skulu halda dagvinnulaunum svo og vaktaálagi eða eftirvinnuálagi (40%), þar sem það á við. Þetta á við um vinnu á kvöldin og um

helgar.

## Kjarasamningar einfaldaðir og sérsamningur fækkað

Sérkjarasamningur við Samkaup og um söluskála og sjoppur falla úr gildi. Við þá breytingu starfa nær allir verslunarmenn eftir almenna kjarasamningnum.

## Réttindi í fæðingarorlofi aukin

Eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda teljast fjarvistir vegna fæðingarorlofs starfstíma við úrreikning desember- og orlofsuppbótur. Sama gildir ef kona þarf af öryggisástæðum að leggja niður störf á meðgöngutíma (skv. reglugerð um öryggi þungaðra kvenna).

## Ákvæði í kjarasamning um ráðningarsamninga

Gera skal skriflegan kjarasamning við þá starfsmenn sem ráðnir eru til vinnu í einn mánuð eða lengur. Gerð kjarasamnings (eða skriflegrar staðfestingar á ráðningu) skal lokið innan tveggja mánaða frá því að starf hefst.

## Bakvaktir

Starfsmenn á bakvöktum skulu fá 33% af dagvinnukaupi. Á almennum frídögum og stórhátíðum verður bakvaktarkaupið 50% af dagvinnukaupi. Þar sem ekki er krafist tafarlausra viðbragða af starfsmanni greiðist 16,5 og 25% bakvaktarálag.

## Greiðsla fyrir skráningu í símaskrá

Sé heimasími eða farsími starfsmanna gefinn upp í símaskrá af fyrirtæki, þá skal tekið tillit til þeirrar vinnu sem af því hlýst við launaákvörðun.

## Veikindaréttur í orlofi

Réttindin eru útvíkkuð þannig að þau ná nú til orlofs í EES löndunum, Sviss, Bandaríkjunum og Kanada.

## Samningsforsendur

Að verðlag þróist í samræmi við verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands og að sú launastefna og þær kostnaðarhækkunar sem í samningnum felast verði almennt stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði. Fari svo á samningstímanum að ofangreindar forsendur bregðist geta aðilar að samningnum skotið málinu til sérstakrar forsendunefndar sem getur ákveðið viðbrögð eða sagt upp samningnum í árslok 2005 og 2006.



## AUGLÝSING

## Fundarboð

**Aðalfundur Verkalýðsfélags Öxarfjarðar verður haldinn þriðjudaginn 25. maí kl. 20:00 í Skúlagarði.**

## Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Í lok fundar verður boðið upp á kaffiveitingar. Að venju er mjög mikilvægt að félagsmenn mæti á fundinn og taki þátt í afgreiðslum fundarins. Ársreikningar félagsins liggja frammi á Skrifstofu stéttarfélaganna.

**Verkalýðsfélag Öxarfjarðar**



Það gekk vel að ganga frá sérkjarasamningum við forsvarsmenn fyrirtækja á félagsvæði Verkalýðsfélags Öxarfjarðar eftir að gengið hafði verið frá aðalkjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Hér má sjá fulltrúa félagsins, Olgu Gísladóttur og Ragnbildi Jónsdóttur ásamt Einari Ó. Björnssyni, Ólafi Jónssyni og Guðmundi Þórarinssyni þegar gengið var frá samningi milli félagsins og Rifóss í lok mars. Fundurinn var haldinn í Vogum í Keldubverfi.



Svo skemmtilega vildi til þegar starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga sem jafnframt eru félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur komu saman til fundar um kjaramál 5. apríl sl, voru fjórutíu ár liðin frá því Verkamannafélag Húsavíkur og Verkakennafélagið Von sameinuðust undir nafni Verkalýðsfélags Húsavíkur. Í tilefni að því var fundarmönnum boðið upp á afmælistertu. Hér má sjá Eyvöru Gunnarsdóttir fá sér sneið af tertunni. Fundurinn var haldinn á Hótel Húsavík.



Verslunarmannafélag  
Húsavíkur

## AUGLÝSING

## Verslunar- og skrifstofufólk

## Félagsfundur um nýgerðan kjarasamning

Almennur félagsfundur verður haldinn, um nýgerðan kjarasamning Verslunarmannafélags Húsavíkur, í sal félagsins Garðarsbraut 26 Húsavík fimmtudaginn 29. apríl kl. 20:00.

Á fundinum verður kynntur nýgerður kjarasamningur fyrir verslunar- og skrifstofufólk. Samninginn er hægt að nálgast á vef félagsins [www.vh.is](http://www.vh.is) og á skrifstofu félagsins sími 464-6600.

## Kjaramál:

## Atkvæðagreiðsla á netinu!

## -nýbreytni við afgreiðslu kjarasamnings

Verslunarmannafélag Húsavíkur hefur ákveðið að taka upp þá nýbreytni að atkvæðagreiðsla um nýgerðan kjarasamning fari fram á netinu. Félagsmenn fá sendar nákvæmar leiðbeiningar og lykilorð sem veita aðgang að atkvæðagreiðslunni. Félagsmenn geta þá greitt atkvæði í tölvunni heima hjá sér, í vinnunni eða hjá nágrennanum. Félagsmenn geta einnig komið á skrifstofu félagsins að Garðarsbraut 26 Húsavík og greitt atkvæði þar eða hringt í síma 464-6600 og

fengið tæknilega aðstoð.

Útsendingar til félagsmanna byggja á upplýsingum frá fyrirtækjum sem geta verið allt upp í nokkra mánaða gamlar. Því eru þeir félagsmenn sem ekki fá sent lykilorð hvattir til að hafa samband.

Þegar Fréttabréfið fór í prentun var ekki ákveðið hvenær atkvæðagreiðslan hefist eða lýkur. Upplýsingar um það verða sendar til félagsmanna og birtar á vef félagsins [www.vh.is](http://www.vh.is).

## Ný símanúmer skrifstofunnar

**Skrifstofa stéttarfélaganna tók upp ný símanúmer í lok síðasta árs.**

**Nýja aðalnúmerið er 464-6600 og faxnúmerið er 464-6601**

**Bein símanúmer til starfsmanna eru eftirfarandi:**

464 6602  
GSM 864 6602



Ágúst

464 6603



Steingerður

464 6604  
GSM 864 6604



Aðalsteinn

464 6605



Jónína

# Hátíðardagskrá

## 1. maí 2004

Formleg hátíðardagskrá hefst kl. 14:00 í Félagsheimili Húsavíkur.


Hin stórskemmtilega Lúðrasveit Þingeyinga bitar upp fyrir þann tíma.

- **Lúðrasveit Þingeyinga**  
Stjórnandi Kaldo Kúis
- **Samkoman sett:**  
Aðalsteinn Á. Baldursson  
formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur
- **Tónlistarveisla:**  
Marimbahópur úr Hafralækjarskóla  
leikur nokkur frábær lög
- **Hátíðarræða:**  
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir  
formaður LÍV og varaforseti ASÍ
- **Söngur:**  
Sigrún Hjálmtýsdóttir syngur nokkur  
lög við undirleik Antoniu Hevesi
- **Gamanmál:**  
Einar G. Einarsson flytur gamanmál
- **Söngur:**  
Samkórinn syngur undir stjórn  
Hólmfríðar Benediktsdóttur.  
Undirleikari Aladár Rácz.

**Að lokinni dagskrá bjóða stéttarfélagin í Suður-Þingeyjarsýslu samkomugestum upp á kaffveitingar.**

**Kvikmyndasýningar fyrir börn verða í Samkomuhúsinu kl. 14:00, 16:00 og 18:00.**

Verkalýðsfélag Húsavíkur • Verslunarmannafélag Húsavíkur  
Starfsmannafélag Húsavíkur • Þingið



**Þingeyingar! Drögum fána að húni á hátíðar- og baráttudegi verkafólks 1. maí**



markmið mitt  
er að verða  
stórstjarna

Gefðu fermingargjöf sem vex

Inneign á Framtíðareikningi Íslandsbanka er fermingargjöf sem vex og gerir krökkum dagsins í dag unnt að hvinna markmiðum og draumum framtíðarinnar í framkvæmd. Ferlingargjöf inn á Framtíðareikning er frábær gjöf frá ömmum, öfum, frænkum, frændum, systkinum og vitum.

- hæstu verðir bankareikninga
- bundinn til tíll ára
- verðtryggður

ÍSLANDBANKI

